

Innan Félags nýrnasjúkra starfar:

TENGLAHÓPUR

nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra

Markmið Tengslahópsins er að veita þeim sem veikjast af alvarlegri nýrnabilun og aðstandendum þeirra beinan aðgang að fólki sem vill miðla af reynslu sinni og veita stuðning.

Tengslahópurinn styður:

- þá sem eru að veikjast af langvinnum nýrnasjúkdómi
- þá sem eru komnir í skilun
- þá sem bíða eftir nýra
- þá sem henta sem gjafar
- þá sem hafa ígrætt nýra

Síðast en ekki síst er Tengslahópurinn til fyrir aðstandendur.

**Tengslahópurinn heldur
stuðningsfundi reglulega**

Beinn sími Tengslahópsins:

896 6129

tengslahopur@nyra.is

Vilt þú styðja starf Félags nýrnasjúkra?

Sjúkdómar í nýrum eru flestir langvinnir og alvarlegir og skerða lífsgæði þeirra sem þá hafa.

Til þess að félagið geti sinnt hlutverki sínu í að styðja nýrnasjúka og aðstandendur þeirra sem best þarf það á hjálp sem flestra að halda.

Ef þú vilt gerast félagi getur þú hringt í síma 561 9244 eða skráð þig á heimasíðu félagsins www.nyra.is.

Styrktarsjóður félagsins aflar fjár með sölu heillaskeyta og minningarkorta.

Þú getur einnig stutt félagið með fjárframlagi. Bankareikningur félagsins: 115-26-18061. Kennitala: 670387-1279.

Þú veitir ómetanlegan stuðning með því að fylla út líffæragegjafakort.



Icelandic Kidney Association

Sími: 561 9244

Netfang: nyra@nyra.is

Heimasíða: www.nyra.is

Mynd af holtasóley á forsiðu tók Hörður Kristinsson grasafræðingur

Ef nýrun gefa sig




Félag nýrnasjúkra
Stofnað 1986

Svansprent

Nýrun gegna mörgum lífsnauðsynlegum hlutverkum

Nýrun hreinsa burt mikinn hluta þeirra úrgangsefna sem verða eftir í blóðinu þegar líkaminn hefur brotið niður fæðuna sem við neytum. Nýrun stjórna vatns- og saltjafnvægi líkamans og framleiða mikilvæg hormón sem stjórna blóðþrýstingi og blóðmagni.



Myndin er birt með leyfi systursamtakanna í Danmörku.

Nýrun geta veikst

Sumir sjúkdómar leggjast aðeins á annað nýrað, svo sem krabbamein í nýra sem læknað er með skurðaðgerð og nýrnasteinar sem oft er hægt að fjarlægja með steinbrjóti.

Einnig eru ýmsir langvinnir nýrnasjúkdómar sem leiða til nýrnabilunar. Blóð einstaklinga með lokastignýrnabilun er hreinsað með skilunarmeðferð.

Meðferð nýrnabilunar

Engin meðferð er til sem lækna skemmd og óstarfhæf nýru. Þegar nýrnabilun er komin á lokastig er markmið meðferðarúrræða að viðhalda lífi og lífsgæðum. Völ er á tvenns konar meðferð, ígræðslu nýra eða blóðhreinsun, svokallaðri skilun. Til eru tvær tegundir af skilun, blóðskilun og kviðskilun.

Blóðskilun

Blóðskilun fer þannig fram að blóð einstaklings er leitt út fyrir líkamann um slöngu í gegnum skilunarhylki (gervinýra) með aðstoð vélar og síðan skilað aftur inn í líkamann. Í skilunarhylkinu er himna og um hana eru úrgangsefni, sölt og vökvi fjarlægð úr blóðinu. Meðferðin er háð blóðflæði um skilunarhylkið og þarf sérstakt aðgengi að æðakerfi einstaklingsins til að það sé fullnægjandi. Slíkt aðgengi nefnist fistill sem er myndaður með því að tengja saman slagæð og bláæð. Blóðskilun er oftast framkvæmd þrisvar í viku og tekur meðferðin þrjár til fimm klukkustundir. Blóðskilun fer yfirleitt fram á sjúkrahúsi.

Kviðskilun

Kviðskilun felst í því að skilunarvökva er rennt inn í kviðarhol í gegnum sérstakan legg sem hefur verið komið fyrir inni í kviðarholinu. Þegar skilunarvökvinn kemst í snertingu við lífhimnuna færast úrgangsefni og sölt úr háræðunum í lífhimnunni yfir í vökvann. Skipt er um skilunarvökva með jöfnu millibili yfir daginn eða á nóttunni. Næturkviðskilun er jafnan gerð með aðstoð vélar. Kviðskilunarmeðferð fer yfirleitt fram í heimahúsi og annast einstaklingurinn sjálfur eða aðstandendur framkvæmd hennar.

Ígræðsla nýra

Ígræðsla nýra er besta meðferðin við lokastignýrnabilun. Nýra getur fengist frá lifandi gjafa, t.d. ættingja, maka eða vini. Einnig er mögulegt að fá nýra úr látnum gjafa fyrir milligöngu líffærabanka. Ævilöng lyfjameðferð sem bælir ónæmiskerfið er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að ígræddu nýra sé hafnað af þeganum. Ekki eiga allir möguleika á að gangast undir ígræðslu nýra af ýmsum læknisfræðilegum ástæðum.

Að gefa nýra

Þótt Íslendingar standi sig hlutfallslega vel í samanburði við aðrar þjóðir sem lifandi gjafar vantar alltaf gjafa og því bíða margir árum saman eftir að fá ígrætt nýra.

Taktu afstöðu, fylltu út líffæragjafakort og láttu nánustu ættingja þína vita af ákvörðun þinni um að gefa líffæri þín að þér látnum. Þetta er ákvörðun sem bjargar mannlífum.

Hvað getur Félag nýrnasjúkra gert fyrir þig?

Markmið félagsins er að styðja alla nýrnasjúka og aðstandendur þeirra.

- Félagið vinnur að því að allir nýrnaveikir fái bestu meðferð sem er í boði hverju sinni.
- Hjá félaginu færðu upplýsingar um sjúkdóma í nýrum og meðferð við þeim.
- Fréttabréf er gefið út.
- Farið er í sumarferð.
- Haldnir eru fræðslu- og skemmtifundir.
- Tengslahópur nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra veitir þeim sem veikjast og aðstandendum þeirra stuðning í því áfalli sem það er að missa heilsuna.